

## SKIPULAGSSKRÁ

### Vísindasjóðs Landspítala – háskólasjúkrahúss.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður Landspítala – háskólasjúkrahúss. Heimili hans og varnarréttindi er í Reykjavík.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 35.710.055. Það er fé sem var í Vísindasjóði Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur þann 1. janúar 2001 kr. 33.710.055, en sá sjóður var stofnaður til minningar um Þórð Sveinsson, lækni og Þórð Úlfarsson, flugmann, með skipulagsskrá staðfestri 5. janúar 1964 og fé úr Vísindasjóði Landspítalans 10. maí 2001 kr. 2.000.000, en starfsreglur hans voru samþykktar af heilbrigðisráðherra þann 31. október 1994.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og efla vísindarannsóknir, athuganir og tilraunir í vísindalegum tilgangi á Landspítala - háskólasjúkrahúsi eða í náinni samvinnu við það. Aðild að sjóðnum eiga allir háskólamenntaðir starfsmenn LSH.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Einn skal tilnefndur af læknaráði LSH, einn af hjúkrunarráði LSH og einn af skrifstofu kennslu og fræða. Skulu tveir tilnefndir af stjórnarnefnd LSH og annar þeirra vera formaður og hinn úr hópi annarra háskólastéttu en lækna og hjúkrunarfraðinga. Skipunartími stjórnar er fjögur ár. Stjórnin ákveður hversu miklu fé skuli úthluta hverju sinni. Úthlutun styrkja fer fram einu til tvívar sinnum á ári að fengnum tillögum úthlutunarnefndar. Stjórnin skipar úthlutunarnefnd og setur henni starfsreglur.

#### 5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- Árlegt framlag LSH samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar.
- Framlög fyrirtækja vegna rannsóknasamninga við LSH og starfsmenn hans.
- Framlög frá opinberum aðilum og einstaklingum.
- Gjafir sem sjóðnum berast.
- Vaxtatekjur.
- Aðrar tekjur.

Stjórninni er skyldt að ávaxta fé sjóðsins á sem hagkvæmastan hátt. Ekki má skerða höfuðstól sjóðsins við úthlutun styrkja svo mikið að ekki standi ávallt eftir a.m.k. kr. 25.000.000 sem haldi verðgildi sínu á hverjum tíma.

#### 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skrifstofa fjárrreiðna og upplýsinga LSH annast fjárrreiður sjóðsins og bókhald f. h. sjóðsstjórnar. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og þeir birtir með ársskýrslu LSH.

7. gr.

Samþykki meirihluta stjórnar sjóðsins þarf til að breyta skipulagsskrá þessari. Leita skal samþykkis stjórnarnefndar LSH fyrir breytingunum. Verði sjóðurinn lagður niður rennur fé hans til annarrar sambærilegrar starfsemi.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá Vísindasjóðs Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur sem staðfest var þann 5. janúar 1964 svo og starfsreglur Vísindasjóðs Landspítalans staðfestar af heilbrigðis- og trygg- ingamálaráðherra 31. október 1994.

Samþykkt á fundi stjórnarnefndar Landspítala – háskólasjúkrahúss 8. maí 2001.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. ágúst 2001.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*